

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Suðurnesja hf. fyrir heitt vatn. Vestmannaeyjar.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Suðurnesja hf. (HS) selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

HS lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi HS.

Verður vatnsrennsli að húsinu mælt með þar til gerðum magnmælum.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot af heita vatninu skal húseigandi greiða samkvæmt magnmæli:

<i>Til íbúðahúshitunar</i>	<i>án vsk</i>	<i>m. vsk</i>	
VM1 m ³	188,34	191,58	kr./tonn
Niðurgreitt að 888 m ³	-91,80		kr./tonn
VM2 m ³	47,09	47,90	kr./tonn
Niðurgreitt m ³	-22,95		kr./tonn
VM2 kWh	3,15	3,20	kr./kWh
Niðurgreitt kWh	-1,53		kr./kWh
<i>Til húshitunar annars en íbúða</i>	<i>án vsk</i>	<i>m. vsk</i>	
VM3 m ³	151,87	156,97	kr./tonn
VM4 m ³	38,00	39,28	kr./tonn
VM4 kWh	2,52	2,60	kr./kWh

4. gr.

HS leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli á ári:

<i>Flokkur og stærð mæla</i>	<i>án vsk</i>	<i>m. vsk</i>	
MV1 Fyrir mæla 20 mm og minni	12.491,00	12.911,00	kr./ár
MV1 Fyrir mæla 20 mm og minni	34,22	35,37	kr./dag
MV2 Fyrir mæla 25 - 50 mm	24.886,00	25.722,00	kr./ár
MV2 Fyrir mæla 25 - 50 mm	68,18	70,47	kr./dag
MV3 Fyrir mæla 65 mm og stærri	49.888,00	51.564,00	kr./ár
MV3 Fyrir mæla 65 mm og stærri	136,68	141,27	kr./dag

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. má krefja mánaðarlega. Gjaldþagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem HS ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 15 daga frá gjaldþaga.

6. gr.

Heimæðargjald skal greitt fyrir hverja heimæð er tengir hús við veitukerfi HS.

Heimæðargjald skal greitt þegar lagningu heimæðar er lokið.

Heimæðargjald skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss utanmál m ³	án vsk	m. vsk	
Allt að 400 m ³	165.578,00	171.141,00	kr.
Yfir 400 - 2000 m ³	132,25	136,69	kr./m ³
2000 m ³	377.174,00	389.847,00	kr.
Yfir 2000 - 6000 m ³	111,53	115,28	kr./m ³
6000 m ³	823.263,00	850.925,00	kr.
Yfir 6000 - 10000 m ³	99,51	102,85	kr./m ³
10000 m ³	1.221.288,00	1.262.323,00	kr.
Yfir 10000 m ³	86,39	89,29	kr./m ³

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum frá HS og skal þá greiða í aukagjald fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta.

Stærð mæla	án vsk	m. vsk	
Fyrir mæla 20 mm og minni	24.299,00	25.115,00	kr.
Fyrir mæla 25 - 50 mm	54.501,00	56.332,00	kr.
Fyrir mæla 65 mm og stærri	97.399,00	100.672,00	kr.

III. KAFLI

7. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseiganda.

8. gr.

HS hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka, ber að tilkynna með minnst 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur hverju sinni:

	án vsk	m. vsk	
Opnunargjald	4.120,00	5.129,00	kr.

9. gr.

Eftirlitsmanni HS skal, hvenær sem er, frjálts aðgangur að öllum mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust

fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

10. gr.

Virðisaukaskattur, 7,0%, bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, nema á sölu vatns til annars en húshitunar þar sem virðisaukaskatturinn er 24,5%. Í útreikningi á 7,0% vsk. hefur verið tekið tillit til endurgreiðslu ríkissjóðs á vsk.

IV. KAFLI

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Suðurnesja, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til efturbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 274 frá 21. mars 2007.

Iðnaðarráðuneytinu, 7. febrúar 2008.

F. h. r.

Kristján Skarphéðinsson.

Guðjón Axel Guðjónsson.